


# Sandblástursfilmur

Mælingar og stærðir á filmum til framleiðslu



Tilgreinið í pöntunni hvernig filman á að vera skorin: A, B eða C

## Mælingar:

Mælið stíft mál á hverri rúðu. (breidd x hæð). Notið sentimetra sem mælieiningu. Tilgreinið hver stærðin á filmunum á að vera: A, B eða C.

## Vinsamlegast athugið:

Ef gluggapóstar eru gamlir og gamalt kitti og málning flæðir út á rúðuna – þá er oftast teknir 2,5mm af hverri hlið til að auðvelda ásetningu.

**Þetta er valkvætt og ekki hika við að fá ráðleggingar hjá sölufólki þegar pöntun á sér stað.**

## Viðbætur:

**Útskurður** – sjá dæmi á útskýringamynd.

Það er hægt að láta skera út texta, merki eða myndur út í sandblástursfilmuna. Þar sem filman er tekin í burtu, þar sést í gegnum rúðuna. Sandblástursfilmur eru alltaf límdar innan á rúður. Hafa ber í huga að munstrið og/eða textinn er skorinn þannig að munstrið eða textinn lesist rétt utanfrá. **Ef það á að lesa rétt innan frá, þarf að taka það sérstaklega fram.**

## Prentun.

Það er hægt að prenta á sandblástursfilmu. Filman er ljósgrá að lit. Þess vegna verða litmyndir ekki skýrar og fallegar. Það verður að hugsa myndefnið frekar sem skraut en ljósmynd til að skoða. Ef prentað er í einum lit er útkoman oftast mjög góð.